

## Svar

umhverfissráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvar um starfsmannastefnu ráðuneytis og undirstofnana varðandi atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

1. *Hafa ráðuneytið og undirstofnanir þess markað sér stefnu sem atvinnuveitendur um hvernig auðvelda megi ráðningar fatlaðs fólks í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, sbr. 29. og 32. gr. laganna og 27. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?*

Ráðuneytið og stofnanir þess hafa ekki markað sér stefnu sem atvinnuveitendur um hvernig megi auðvelda ráðningar fatlaðs fólks í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, sbr. 29. og 32. gr. laganna og 27. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en eru að sama skapi jákvæð gagnvart því.

2. *Hafa ráðuneytið og undirstofnanir þess gripið til viðeigandi ráðstafana til að ráða fatlað fólk til starfa og þá hvaða?*

Ráðuneytið og stofnanir hafa ekki gert sérstakar ráðstafanir til að ráða fatlað fólk til starfa. Eftir að Landmælingar Íslands fluttu upp á Akranes og voru sjálfar með útgáfu og sölu á landakortum var hluti af þeirri starfsemi unnin hjá Fjöliðjunni sem er verndaður vinnustaður á Akranesi. Einnig má geta þess að starfsemi Landmælinga er þess eðlis að auðvelt væri að ráða fatlaða einstaklinga til starfa þar.

3. *Hafa forstöðumönnum ráðuneytisins og undirstofnana verið kynnt ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um viðeigandi ráðstafanir til að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks?*

Ráðuneytið og Mannvirkjastofnun, sem er ein af stofnunum umhverfissráðuneytisins, og ráðuneytisstjóri og hluti starfsmanna ráðuneytisins, sem og forstöðumaður Mannvirkjastofnunar og allir stjórnendur þeirrar stofnunar, þekkja vel ákvæði fyrrgreinds samnings, sér í lagi vegna vinnu stofnunarinnar við nýja byggingarreglugerð sem er í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna. Aðrar stofnanir ráðuneytisins hafa ekki fengið kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um viðeigandi ráðstafanir til að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

4. *Hafa forstöðumönnum ráðuneytisins og undirstofnana verið kynntar breyttar áherslur hvað varðar þátt umhverfishindrana og viðhorfstengdra tálma í fötlun?*

Sjá einnig svar við 3. tölul. Að auki er Vatnajökulsþjóðgarður með átak vegna aðgengismála að völdum ferðamannastöðum í þjóðgarðinum í samræmi við verndaráætlun.

5. *Hversu margir fatlaðir starfa hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess og hversu hátt hlutfall er það af starfsmannafjölda þeirra?*

Enginn fatlaður starfsmaður er starfsmaður ráðuneytisins en hjá einni af stofnunum þess er starfandi fatlaður einstaklingur. Í þeirri stofnun eru stöðugildin u.þ.b. sjö þannig að í stofnuninni er hlutfallið um 14%.